

**Alþingi**  
Erindi nr. P 133/951  
komudagur 13. 7. 2007

**Dómarafélag Íslands**

Reykjavík, 8. febrúar 2007

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
121 Reykjavík.

Með bréfi Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 31. janúar sl., var Dómarafélagi Íslands sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, og lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, 496. mál.

Stjórn Dómarafélags Íslands hefur fjallað um ofangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

**3. gr.** Með þessari grein er lagt til að embættum héraðsdómara fjölgi um tvö. Í sjálfu sér er það fagnaðarefni. Tveir dómara til viðbótar myndu vissulega koma héraðsdómstólunum að góðu gagni til að létta á álagi, þar sem þess er þörf hverju sinni, samkvæmt ákvörðun dómstólaráðs, sbr. 2. tl. 14. gr. laganna. Hins vegar er ljóst að þetta verður ekki gert nema til komi veruleg viðbótarfjárveiting vegna aukins launakostnaðar, þar sem sparnaður á móti vegna minni kostnaðar við setningar dómara vegur þar ekki þungt. Þótt tímabundnum setningum dómara vegna leyfa dómara frá störfum vegna náms, barnsfæðingar eða veikinda muni væntanlega fækka, ef af fjölgun dómara verður, má benda á að dómstólar bera ekki kostnað vegna setningar dómara í tilefni af námsleyfi eða fæðingarorlofi. Endurmenntunarsjóður dómara stendur straum af launakostnaði vegna námsleyfa dómara og greiðslur fást úr fæðingarorlofssjóði vegna fæðingarorlofs. Þá er heldur ekki lagt til samkvæmt frumvarpi þessu að heimildir til setningar dómara verði felldar niður, enda hafa þær gefist vel til að leysa tímabundin vandamál.

Þá má líta til þess að samkvæmt þeim hugmyndum sem uppi eru um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála er gert ráð fyrir því að dómara í sakamálum verði fjölskipaðir í mun ríkari mæli en áður. Mun það augljóslega auka mjög álagið á dómurum. Með hliðsjón af þessu er ekki lagst gegn því að héraðsdómurum verði fjölgað um tvo, enda komi til nægar fjárveitingar.

Stjórn dómarafélagsins vill þó í þessu sambandi benda sérstaklega á að settar hafa verið fram hugmyndir um að koma á fót millidómstigi í sakamálum. Er þá ráð fyrir því gert að sönnunarfærsla verði endurskoðuð fyrir þessu millidómstigi. Með því móti væri í senn hægt að létta álagi bæði af Hæstarétti og héraðsdómstólunum og jafnframt tryggja það að Ísland fullnægi 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu um áfrýjun dóma í sakamálum. Sú tilhögun fæli

augljóslega í sér miklar réttarfarsumbætur. Þessi sjónarmið hljóta að koma til álita þegar þörf á fjölgun dómara er metin.

**6. gr. 1. mgr.** Samkvæmt almennum athugasemdum við frumvarpið er megintilgangur þess að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur á verksviði löglærðra aðstoðarmanna dómara og færa það í átt að fulltrúakerfinu sem áður var. Leggja verður áherslu á að góð reynsla er af aðstoðarmannakerfinu eins og það hefur verið í framkvæmd. Ekki er fallist á að aðstoðarmenn skuli njóta verndar samkvæmt IV. kafla dómstólalaga. Jafnvel má halda því fram að það sé óeðlilegt að starfsmaður sem ekki er dómari njóti slíks starfsöryggis að ráðningu hans verði ekki haggð í sex ár.

Samkvæmt frumvarpinu er það gert að skilyrði fyrir ráðningu aðstoðarmanns að viðkomandi hafi eigi skemur en í tvö ár „átt sæti á Alþingi, stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi“. Gjarnan hafa ráðist til aðstoðarmannastarfa nýútskrifaðir lögfræðingar, og hefur það reynst vel. Skilyrði um tveggja ára starfsreynslu utan dómstóla er andstætt þessari góðu reynslu og þykir óæskilegt og ónauðsynlegt að setja slíkt skilyrði fyrir ráðningu.


**2. mgr.** Heppilegt væri að geta falið aðstoðarmönnum ýmis verkefni við dómstólana svo sem að árita stefnur og sektarboð og halda dómþing og taka ákvarðanir þar sem ekki er ágreiningur. Til slíkra starfa er aukin starfsvernd ekki nauðsynleg. Óeðlilegt er og andstætt grundvallar sjónarmiðum um réttaröryggi að aðrir en dómarar skeri úr ágreiningi fyrir dómi, hvers eðlis sem hann er. Í þessu sambandi tekur stjórn dómarafélagsins fram að með engu móti er hægt að fallast á þá tillögu að aðstoðarmönnum verði falið að kveða upp rannsóknarúrskurði, og alls ekki úrskurða menn í gæsluvarðhald. Þar er um að ræða ákvarðanir er varða grundvallar mannréttindi og verður að gera þá kröfu að dómari úrskurði í slíkum málum.

Stjórn dómarafélagsins telur að ekki eigi að víkja frá þeirri stefnu sem mörkuð var þegar dómarafulltrúakerfið var lagt niður, en að eðlilegt sé að víkka starfheimildir aðstoðarmanna á þann hátt sem lýst er hér að framan.

**7. gr. 1. mgr.** Að því er efni þessarar greinar varðar vegast á annars vegar sjónarmið um friðhelgi einkalífs og hins vegar upplýsingaskyldu fjölmiðla. Myndatökur í dómhúsum og inn í dómsali, án sérstaks leyfis dómara, hafa farið úr böndum. Ekki verður talið að frumvarpið feli í sér alvarlega skerðingu á tjáningarfrelsi eða upplýsingaskyldu fjölmiðlamanna. Réttarhöld eru að meginreglu opin öllum almenningi. Sú regla er ekki skert með því að banna myndatökur inni í dómsal án samþykkis dómara, og að veita dómstjóra heimild til að banna myndatökur í dómhúsi um lengri eða skemmri tíma sé ástæða til. Verður að taka mið af því að fyrir dómi þurfa málsaðilar að geta rekið mál sín og borið af sér sakir óárettir af ágangi fjölmiðla. Hér má benda á hliðstæð ákvæði í löggjöf nágrannalandanna, svo sem nánar er rakið í greinargerð með frumvarpinu.

Breyting sú sem lögð er til á lögum um meðferð einkamála samkvæmt II. kafla frumvarpsins er tvímælalaust til bóta.

Virðingarfyllst,  
F.h. Dómarafélags Íslands

  
Eggert Óskarsson, formaður